

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1529  
komudagur 28.2.2011



VIÐSKIPTARÁÐ  
ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og skattanefnd  
b/t Eiríks Áka Eggertssona  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. febrúar 2011.

Efni: Frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (uppsögn starfs) (311. mál).  
*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér breytingar á reglum um uppsögn starfsmanna ríkisins.*

Viðskiptaráð Íslands fagnar þeim breytingum sem ofangreint frumvarp felur í sér. Með þeim breytingum sem hér er mælt fyrir er starfsumhverfi starfsmanna ríkisins fært nær því umhverfi sem er á hinum almenna vinnumarkaði. Viðskiptaráð mælti fyrir samþykkt frumvarpsins þegar það var lagt fyrir á 130. löggjafarþingi og gerir það aftur hér. Mikilvægt er að sömu almennu reglur gildi um vinnumarkaðinn í heild sinni og gætt sé jafnræðis í hvívetna.

**Viðskiptaráð Íslands leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.**

Virðingarfyllst,

---

Þórdís Bjarnadóttir  
Lögfræðingur  
Viðskiptaráð Íslands